

17. desember 2020

Ágætu aðstandendur.

Við biðlum til ættingja að leggja eigin hagsmuni til hliðar fyrir hagsmuni heildarinnar.

Jólahátíðin er mikil fjölskylduhátíð og á sérstakan sess í hjörtum flestra. Við á Silfurtúni höfum í gegnum árin litið til jólahátíðarinnar með mikilli gleði og tilhlökkun og fundist mikilvægt að gera allt sem við getum til að aðfangadagskvöld og jóladagarnir verði sem hátíðlegastir fyrir íbúa okkar, aðstandendur og starfsfólk.

Þetta árið er ljóst að jólahátíðin verður ekki með hefðbundnu sniði. COVID hefur haft áhrif á líf okkar allra, regluleg samvera hefur farið úr skorðum og miklar hömlur hafa verið settar á öll samskipti. Á Silfurtúni hafa gilt ákveðnar heimsóknartakmarkanir frá byrjun faraldursins, mismiklar hverju sinni. Ávallt hefur markmiðið verið að verja íbúana okkar og reyna að hindra að smit berist inn á heimilið. Í ljósi aðstæðna og þess að samvera verður ekki á sama hátt og fyrri jólahátíðir munum við leggja okkur enn frekar fram um að gera allt sem í okkar valdi stendur til að jólahátíðin verði sem hátíðlegust og notalegust fyrir íbúa okkar.

Sóttvarnaryfirvöld hafa lagt ríka áherslu á að við „**höldum þetta út**“ og búum til okkar eigin „**jólakúlu/jólavini**“ þar sem einstaklingar velji sér þá sem þeim finnst mikilvægast að hafa samskipti við um hátíðarnar. Þetta þurfum við á Silfurtúni einnig að hafa í huga. Því miður verður því ekki hægt að bjóða maka eða öðrum ættingjum að borða með íbúanum á aðfangadagskvöld eða hina jóladagana. Það sama á við um gamlársmiddag og nýársdag.

Við mælum eindregið **gegn** því að íbúi fari út af heimilinu til ættingja sinna um hátíðarnar. Ef íbúi fer út af heimilinu þarf hann að fara í sóttkví með ættingja á heimili aðstandanda og fara í sýnatöku að sóttkví lokinni. Neikvæð niðurstaða þarf að liggja fyrir áður en heimild er veitt til þess að íbúi geti snúið aftur inn á hjúkrunarheimilið.

Við sendum ykkur öllum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og horfum með bjartsýni til nýs árs með von um fleiri samverustundir á nýju ári.

Kæra þakkir fyrir samstöðuna.

Með kærri kveðju,

Starfsfólk Silfurtúns



Heimsóknareglur á Silfurtúni um hátíðarnar.

Mikilvægt er að hafa í huga að njóta samveru, hátíðleika og væntumþykju þótt hátíðarkvöldverður á aðfangadagskvöld eða hina hátíðardaganna sé ekki snæddur saman. Samveran sjálf er svo mikilvæg. Þið getið skapað ykkar eigin hátíðar- og jólastund með ættingja ykkar. Tökum sem dæmi að hægt er að sitja saman inn á herbergi íbúa og opna jólapakka, hlusta á jólatónlist og njóta hátíðleikans og þess að vera saman:

- ❖ Eftir að íbúar og starfsfólk hafa snætt hátíðarkvöldverðinn kl: 18 á aðfangadag eru heimsóknir leyfðar inni í íbúðum hvers og eins íbúa.
- ❖ Njótið rafrænna samskipta. Það er ekkert því til fyrirstöðu að njóta samveru með því að nýta sér tæknina og njóta samverur stundar með þeim hætti þegar verið er t.d. að opna pakkana.
- ❖ Einnig getur sá sem kemur í heimsókn tengst öðrum ættingjum á meðan heimsóknin stendur yfir. Þannig er hægt að skapa hátíðlega samverustund með fleirum en heimsóknargestinum sjálfum.

- ❖ **Tveir gestir** hafa leyfi til að heimsækja hvern íbúa aðfangadag (24. des), jóladag (25. des), annan í jólum (26. des), gamlársgang (31. des) og nýársdag (1.jan).
- ❖ Börn undir 18 ára hafa leyfi til að koma í heimsókn, **en þá teljast þau annar af þessum tveimur gestum.**
- ❖ Munið að spritta hendur við komu og áður en þið yfirgefið heimilið.
- ❖ **Allir** gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu.
- ❖ **Vinsamlega hafið grímuna á ykkur allan tímann á meðan heimsókn stendur.**
- ❖ Vinsamlega farið inn um garðdyrnar hjá hverjum og einum íbúa, ekki er heimilt að koma inn í sameiginleg rými heimilisins. Mikilvægt er að láta vita af sér áður en komið er í heimsókn.
- ❖ Virðið 2ja metra regluna og forðist snertingu við íbúa.
- ❖ Ekki er heimilt að fara í bíltúr eða heimsókn með heimsóknargesti sínum.
- ❖ **Undanþága frá þessu er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf leyfi frá yfirmanni.**

Vinsamlega **EKKI** koma inn á Silfurtúni ef:

- Þú ert í sóttkví eða einangrun.
- Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- Þú ert með flensulík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- Þú varst erlendis fyrir minna en 14 dögum.

